

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	28.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Brim Vopnafirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarbyggð 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. 2) Útstreymsibókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Niðurstöðum TVN-mælinga sem gerðar voru í nóvember 2023 var ekki skilað til eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Ein ábending var sett fram: 1) Mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar. Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram, þess efnis að TVN-gildi mældust, árið 2022, sjö sinnum yfir 100 mg N/100g.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði.

Fiskimjölsverksmiðja Brims á Vopnafirði er með starfsleyfi sem gildir til 8. október 2030 og heimilar að framleitt sé úr allt að 1.150 tonnum af hráefni á sólarhring. Þegar eftirlitið fór fram, var í gangi vinnsla á kolmunna.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

### 1. Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Þrjú frávík komu fram í eftirliti árið 2023. Tveimur þeirra var lokað í bréfi dags. 9. október 2023 en eitt var opið þegar eftirlitið 2024 fór fram. Það varðar að TVN-gildi mældust, árið 2022, sjö sinnum yfir mörkum skv. starfsleyfi. Frá síðasta eftirliti hefur TVN aldrei mælst yfir mörkum og er frávíkinu því lokað.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirliti árið 2023: Fyrsta ábendingin varðar að rekstraraðili skuli gera kröfur um að affli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn. Rekstraraðili hefur brugðist við ábendingunni og ekki er ástæða til að fylgja henni eftir. Önnur ábending var þess efnis að uppfæra þyrfti viðbragðsáætlun rekstraraðila og bæta í hana verklagi varðandi útskipun á mjóli. Verklag við útskipun hefur verið skráð og því er ábendingunni ekki fylgt eftir. Þriðja ábendingin fjallar um að mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar. Samkvæmt tölvupósti sem rekstraraðili sendi eftirlitsaðila þann 17. apríl sl. var þá unnið að því að gera mögulegt að taka sýni úr kælisjó. Ekki er ástæða til að fylgja ábendingunni eftir, að svo stöddu, þar sem sýnataka ársins hefur enn ekki farið fram.

### 2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað og er skráð frávík vegna þess. Útstreymsibókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 14. september sl. Útstreymsibókhaldi ber að skila fyrir 1. maí ár hvert og er því skráð frávík vegna skilanna. Í starfsleyfi rekstraraðila er gerð krafa um árlegar frárennslismælingar. Síðasta mæling á frárennsli verksmiðjunnar var gerð í apríl 2023, en þegar eftirlitið fór fram var ekki komið að mælingu ársins 2024. Ítrekuð er ábending, sem var sett fram í eftirliti árið 2023, þess efnis að mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar. TVN-mælingum sem voru gerðar í nóvember 2023 var ekki skilað til eftirlitsaðila í samræmi við gr. 3.3 í starfsleyfi og er skráð frávík vegna þess. Ekki eru gerðar athugasemdir við niðurstöður TVN-mælinga sem voru gerðar á tímabilinu frá september 2023 til og með september 2024. Tveir lýsisgeymar rekstraraðila (nr. 1 og 2) voru þykktarmældir í apríl 2019 og hinir tveir geymarnir voru þykktarmældir í nóvember 2022. Þykktarmæla þarf geyma á tíu ára fresti. Ein niðurgráfin lýsislögn er á lóð rekstraraðila. Hún var þrýstiprófuð í október 2020 og þarf því að þrýstiprófa hana ekki síðar en í október 2025.

### 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá

atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Nokkrar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila þann 17. maí sl. Allar áætlanir sem eiga að vera til staðar samkvæmt starfsleyfi voru skoðaðar í eftirlitinu. Allar áætlanir eru endurskoðaðar árlega.

5. Önnur mál

Hjá rekstraraðila er í gangi vinna sem miðar að því að senda upplýsingar úr gagnagrunni rekstraraðila inn í gagnagrunn eftirlitsaðila.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Í efnageymslu eru geymd saltsýra, saltpéturssýra og vítissódi á aðskildum lekabyttum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnageymsluna. Klór er geymdur utandyra í læstum skáp. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni og frágang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Niðurstöðum TVN-mælinga sem gerðar voru í nóvember 2023 var ekki skilað til eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar.


## ANNAÐ

Minnt er á að þrýstiprófa þarf niðurgrafna olíulögn á lóð rekstraraðila ekki síðar en í október 2025.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2024

  
Freyr A. Evarsson